

Umsögn um frumvarp til laga um dómstóla,
mál nr. 615 á 145. löggjafarþingi,
frá Svavari Kjarrval dags. 15. maí 2016

Umsögnin er veitt um afmarkaða þætti frumvarpsins og er hún veitt með þeim fyrirvara að undirritaður hefur ekki farið í heildarskoðun á því.

9. gr. (Nefnd um dómarastörf)

Í ákvæðinu er nefnt að úrlausnir nefndar um dómarastörf verði ekki skotið til annars stjórnvalds. Meginreglan ætti að vera sú að úrlausnir sem þessar ættu að vera kærarlegar til æðra stjórnvalds. Í athugasemdum við frumvarpið er ástæðan nefnd vera sú að nefndin lúti ekki boðvaldi eða eftirliti aðila á vegum löggjafarvaldsins eða framkvæmdarvaldsins. Hins vegar mætti skoða hvort sá aðili gæti átt heima innan dómvaldsins svo aðskilnaðarhugsjónarinnar sé áfram gætt.

Í 33. gr. frumvarpsins er getið um rétt dómara til að skjóta ákvörðun dómstjóra til dómstólasýslunnar. Í þessu samhengi má skoða hvort breyta megi hlutverki hennar samkvæmt frumvarpinu yfir í áfrýjunarnefnd og annar aðili innan dómvaldsins annist stjórnsluákvæðanir í þeim málum á frumstigi.

38. gr. (Útgáfa héraðsdóma o.fl.)

Ákvæðið er nokkuð frábrugðið ákvæðum 20. og 28. gr. frumvarpsins um útgáfu dóma Hæstaréttar og Landsréttar. Þykir mikilvægt að huga að samræmi í málum er varða útgáfu dóma og gefa út alla dóma héraðsdómstóla með sambærilegum hætti og hjá æðri dómstigum. Hafi fólk fengið úrlausn héraðsdómstóla í máli þar sem útgáfa dóms er bönnuð, mun birting þeirra í æðri dómstigum hafa veigrandi áhrif á það hvort fólk muni kæra eða áfrýja þeirri úrlausn, jafnvel þótt viðkomandi telji að öðru leiti vera til staðar fyllilega réttmæt ástæða til þess að endurskoða úrlausn héraðsdóms.

Þá gæti einnig verið hættulegt fyrir réttarríkið að tiltaka útgáfubann á dómum enda yrði það (nær) ómögulegt að vísa til fyrra dóma héraðsdómstóla í sambærilegum málum sem fordæmi þegar mál er flutt í þeim tilgangi að fá sambærilega málhögun. Þegar mál einstakra málaflokka annaðhvort njóta ekki, eða sjaldan, málsferðar fyrir æðra dómstigi skapa héraðsdómstólar flest fordæmin sem einkenna meðferð slíkra mála.

Útgáfuskorturinn skapar einnig vandkvæði er kemur að almennu aðhaldi er kemur að málsmeðferð innan þeirra málaflokka. Lögmenn er starfa á þeim sviðum þurfa því að treysta mikið á eigin persónulega reynslu og frásagnir annarra en hafa engar raunhæfar aðferðir til þess að lesa slíka dóma með beinum hætti.

Í íslensku réttarfari er viðurkenndur tiltekinn réttur aðila til þess að halda uppi sóknnum og/eða vörnum sjálfir. Úrræði þeirra til að fræðast um fordæmi eru því takmörkuð með verulegum hætti með núverandi fyrirkomulagi og jafnframt því sem lagt er til í frumvarpinu. Ákvæðið er því hindrandi að því leiti, sérstaklega í einkamálum þegar aðili máls hefur hvorki efni á lögmanni sér til aðstoðar né fær samþykktu gjafsókn. Í viðkvæmum málum er sérstaklega viðeigandi að aðilar sem flytja mál sitt sjálfir njóti fulls tækifæris til að gera ekki mistök við meðferð mála hjá héraðsdómi eða fyrirgera tilteknum rétti sínum sem yrði of seint að leiðrétta hjá æðri dómstigum. Að hægt sé að kæra eða áfrýja máli til æðra dómstigs er ekki fullnægjandi að þessu leiti og jafnvel þótt hún gæti virkað í tilteknum tilfellum má ekki gleyma að í henni felst mikill tilkostnaður og fyrirhöfn.

45. gr. (Aukastörf dómara)

Efnið er óbeint tengt þessu ákvæði en ekki alveg. Nokkuð lengi hefur verið við lýði að dómara hafi tekið að sér ýmis verkefni vegna óska Alþingis eða ráðherra. Stundum eru aðilar innan dómvaldsins beðnir um að tilnefna eða skipa aðila í ýmis opinber ráð og nefndir, sem er stundum

svarað með nöfnum starfandi dómara. Þau mörg verkefnanna teljast líklega ekki aukastörf í lagatæknilegum skilningi en telst samt sem áður óviðeigandi. Er þetta einnig undarlegt þegar dómarar almennt gefa á sama tíma til kynna að þeir séu undir of miklu álagi. Alþingi ætti að skoða hvort sömu ákvæði ættu að gilda um nefndir og ýmsa aðra hópa er starfa á forræði hins opinbera.

51. gr. (Lausn um stundarsakir)

Undarlegt er að mál gegn dómara vegna lausnar frá embætti eigi að fara fram fyrir tilteknu dómþingi og getur það leitt til mikils óhagræðis ef dómari er búsettur langt frá Reykjavík. Hvorki í athugasemdum með þessu frumvarpi né frumvarpinu er varð að lögum nr. 15/1998 fylgir rökstuðningur sem styður það að málshöfðunin skuli vera bundinn við eitt tiltekið dómþing.

54. gr. (Skipun og hlutverk endurupptökunefndar)

Undirritaður hefur efasemdir um að ákvæði 7. mgr. ákvæðisins um bann við skoti ákvarðana endurupptökunefndar til dómstóla standist meginregluna um að ákvörðunum sé unnt að skjóta til dómstóla. Endurupptökunefndin er óumdeilanlega stjórnslunefnd sem tilheyrir stjórnarskipunarlega séð undir framkvæmdarvaldið. Stenst það varla 70. gr. stjórnarskrárinnar að dómstólum sé meinað samkvæmt lögum að leysa úr ágreiningsefni um málsmeðferð stjórnslunefndar þegar niðurstaðan er eins íþyngjandi og synjun. Á þetta sérstaklega við þegar nefndin er eina stjórnslustigið í afgreiðslu máls.

Ákvæði til bráðabirgða II

Í öðru ákvæðinu til bráðabirgða er kveðið á um að við gildistöku laganna falli niður skipun í dómstólaráð. Þegar litið er til 55. gr. um gildistöku er gert ráð fyrir að hún fari fram 1. janúar 2018 að undanskildum tilteknum ákvæðum til bráðabirgða, meðal annars umræddu ákvæði, er taki þegar gildi. Áhrifin virðast því vera þau að lausn aðila í dómstólaráði haldist ekki í hendur við afnám eldri laga um dómstóla.

Svavar Kjarrval,
þann 15. maí 2016